

ÞINGEYJAR SVEIT

**HVAÐ ER AÐ
FRÉTTA?**



FEBRÚAR 2024

Ágætu íbúar.

Nú hefur þorinn kvatt og góan gengið í garð en hún ber með sér birtu og vorinngang. Þrátt fyrir að þorranum fylgi á tíðum kuldi og rysjótt veðurfar þá hefur hann ákveðinn sjarma með gleði, glaum og góðum þorramat. Ég náði að sækja tvö þorrablót mér til ánægju. Óhætt er að segja að bæði blótin voru hin besta skemmtun og þakka ég öllum þeim sem leggja ómælda vinnu í að undirbúa blótin, semja skemmtiatriði og flytja þau, fyrir þeirra óeigingjarna starf við að gleðja okkur hin.

Næstkomandi föstudag hefst Vetrarhátíð við Mývatn og segja má að hún sé nokkurs konar „bæjarhátíð“ okkar í Þingeyjarsveit enda fer hún fram um allt sveitarfélagið. Ég hvet ykkur til að taka þátt í spennandi viðburðum vetrarhátíðarinnar sem og vekja athygli á hátíðinni t.d. á samfélagsmiðlum. Munum að samvera skapar góð tengsl og gott samfélag.

BOLLALEGGINGAR SVEITARSTJÓRA



**Ragnheiður Jóna
Ingimarsdóttir**
sveitarstjóri

Eins og fréttabréfið ber með sér eru fjölmörg verkefni á borðum starfsfólks sveitarfélagsins og ekkert lát þar á. Óhætt er að segja að í stjórnýslu sveitarfélagsins starfi öflugur og samheldinn hópur sem á eftir að láta að sér kveða. Nú er í undirbúningi vinna við heildarstefnumörkun sveitarfélagsins. Munum við leita til íbúa um þátttöku og með því gefst ykkur ágætu íbúar tækifæri til að leggja lóð ykkar á vogaskálarnar varðandi þróun sveitarfélagsins næstu árin. Ég hlakka til áframhaldandi góðs samstarfs við verkefnin sem eru framundan. Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, sveitarstjóri.

ERUM VIÐ AÐ LEITA AÐ ÞÉR?

UMHVERFISNEFND ÓSKAR EFTIR HRESSUM
FJÖLSKYLDUM TIL AÐ TAKA ÞÁTT Í MIKILVÆGU
TILRAUNAVERKEFNI

Eftir að ný lög um sorphirðu tóku gildi um sl. áramót þarf að safna lífúrgangi sérstaklega. Sveitarfélagið hefur verið að kynna sér leiðir til söfnunar lífúrgangs, án þess að sækja á hvert heimili enda talsverður aukakostnaður í því fölginn. Ein leiðin er að skoða notkun moltuvéla. Sveitarfélagið hefur fengið þrjár slíkar vélar að láni og auglýsir eftir áhugasömum þátttakendum til að prófa. Leitað er eftir ólíkum fjölskyldustærðum í tveggja mánaðar prufutíma.



Tækið er af gerðinni FoodCycler, **það er búið kolafilterum og gefur ekki frá sér neina lykt og því hægt að hafa tækið í eldhúsinu.** Það getur tekið við allt að 1 kg af matarúrgangi í einu og ferlið dregur úr rúmmáli hans um allt að 90%. Fatan er auðveld í þrifum og má fara í uppþvottavél.


Allar frekari upplýsingar veitir Ingimar sviðsstjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs.

Umsóknir sendast á ingimar@thingeyjarsveit.is

UMHVERFIS- OG FRAMKVÆMDASVIÐ

SEIGLA Í SVEITARFÉLAGINU

Gengið hefur verið til samninga við Trésmiðjuna Sólbakka ehf. vegna innan- og utanhússfrágangs á nýju stjórnsýsluhúsi í Þingeyjarsveit. Nýtt stjórnsýsluhús mun halda utan um starfsemi sveitarfélagsins ásamt því að hafa aðstöðu og rými sem fyrirtæki, stofnanir og einyrkjar geta nýtt sér. Vonast er til að húsið verði iðandi af lífi, suðupottur hugmynda og verkefna þar sem allir eru velkomnir, líkt og Gígur í Mývatnssveit. Verkið felst í því að innrétta gamla Litlulaugaskóla í Reykjadal, hús sem í dag gengur undir nafninu Seigla. Seigla er 3ja hæða og 764 fermetrar. Helstu verkefniðir eru að setja nýtt gólfefni og innihurðir, stúka húsið niður í skrifstofur með léttum gífsveggjum og glerveggjum, endurnýja rafmagn, hita og neysluvatnskerfi. Verklok eru áætluð í ágúst og áhersla lögð á að það standist, enda stefnir Gerður Sigtryggisdóttir oddviti, á að mæta með bananabrauð og köku handa starfsfólki skrifstofunnar í morgunkaffi í Seiglu, þann 2. september.



Stigagangurinn í Seiglu

FRAMKVÆMDIR VIÐ LEIKSKÓLANN TJARNASKJÓL

Undirbúningur er hafinn vegna endurhönnunar á leikskólanum Tjarnaskjóli í Stórutjarnaskóla. Gerð verður verðkönnun vegna hönnunarkostnaðar og er umsjónarmaður fasteigna að undirbúa það verk. Sem stendur er leikskólinn á gamla heimavistarganginum í Stórutjarnaskóla og verður kærkomið fyrir starfsfólk og börn að fá betri aðstöðu.

FJÁRFESTINGARTÆKIFÆRI Í ÞINGEYJARSVEIT

Eitt af áhersluverkefnum Sóknaráætlunar á Norðurlandi eystra um þessar mundir er að laða að fjárfestingar í landshlutann og fjölga með því atvinnuskapandi verkefnum í sem flestum sveitarfélögum. Nýlega var haldin vinnustofa á vegum SSNE í Skjólbrekku þar sem fulltrúar sveitarfélagsins og SSNE komu saman til að ræða málin og greina fjárfestingartækifæri í Þingeyjarsveit. Fundurinn var afar góður og gagnlegur. Miklar umræður sköpuðust og greinilegt að falin tækifæri eru á ýmsum sviðum í Þingeyjarsveit. Ýmsar hugmyndir komu upp; ylærkt, fiskeldi, frostþurrkun, kornþurrkun, hótélbyggingar og fleira. Nú er það í höndum verkefnastjóra hjá SSNE að greina það sem fram kom á fundinum og verður spennandi að sjá hverjar niðurstöðurnar verða.

AÐALSKIPULAG

Frestur til að skila athugasemdum við vinnslutillögu aðalskipulags Þingeyjarsveitar rann út 5. febrúar. 119 umsagnir bárust og næstu skref er að vinna úr umsögnum. Unnið er að flokkun athugasemda og yfirferð umsagnanna sem fara svo fyrir skipulagsnefnd til úrvinnslu.

FJÖLSKYLDUSVIÐ

FARSÆLDARLÖGIN

Tekið hafa gildi lög um farsæld barna. Samkvæmt lögnum eiga börn og foreldrar að hafa greiðan aðgang að þjónustu og aðstoð á réttum tíma, frá réttum aðilum. Börn og foreldrar þeirra eiga að hafa aðgang að tengilið í heilsugæslu, í skóla og félagsþjónustu. Tengiliður veitir aðstoð við að sækja viðeigandi þjónustu, án hindrana, á öllum þjónustustigum. Nú er unnið að innleiðingu farsældarlaganna í Þingeyjarsveit. Ásta Fönn, sviðsstjóri fjölskyldusviðs, og stoðteymi skólanna hafa undanfarið unnið að úrræðalista fyrir skólana og tengiliði farsældar. Tengiliðirnir hafa lokið námskeiðum og tekið þátt í þróun starfa tengiliða í skólum og leikskólum. Tengiliðir farsældar eru starfandi innan skólanna, heilsugæslunnar og félagsþjónustunnar. Verið er að útbúa kynningarefni vegna farsældarlaganna á heimasíðu sveitarfélagsins og skólanna.

HEIMSÓKN TIL ELDRÍ BORGARA

Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og Myrra, verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála Þingeyjarsveitar hittu nýlega eldri borgara í félagsstarfinu á Stórutjörnum. Þar sköpuðust líflegar umræður um hreyfingu og upplýsingagjöf til aldraðra. Í framhaldi af fundinum var sent upplýsingabréf á um 190 heimili í sveitarfélaginu, til allra íbúa 66 ára og eldri. Bréfið inniheldur ýmsar gagnlegar upplýsingar um félagsstarf aldraðra, heimahjúkrun, hvert skuli leita eftir upplýsingum, heilsuráð og ýmislegt fleira.

Við hvetjum íbúa til að skrá sig á póstlista á heimasíðu sveitarfélagsins og berast þá allar fréttir og tilkynningar á vegum sveitarfélagsins til viðkomandi í tölvupósti.

SKÓLALÍFIÐ

Ný skólastefna Þingeyjarsveitar var samþykkt á sveitarstjórnarfundi 22. febrúar og verður aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins fljótlega.

Sviðsstjóri starfar náið með skólastjórnendum og nú stendur yfir vinna við samræmt skóladagatal allra skóla sveitarfélagsins. Er mikið hagræði í því fyrir fjölskyldur og nemendur í Þingeyjarsveit að skólarnir séu í nánú samstarfi.

**FYLGSTU MEÐ
VIÐBURÐADAGATALINU INNI
Á THINGEYJARSVEIT.IS**

HITT OG ÞETTA

SKÍÐAPARADÍSIN OKKAR

Íbúar sveitarfélagsins láta ekki sitt eftir liggja í skíðaæðinu. Skíðasporar eru orðnir algeng eign og fjölmargir duglegir við að halda úti spori. Hjónin Ásdís og Yngvi Ragnar á Sel-Hóteli eru kannski einna öflugust og halda úti spori frá Álftabáru svo lengi sem snjóalög leyfa. Ungmennafélagið Mývetningur heldur úti skíðagönguspori milli Voga og Reykjahlíðar og spor má finna út um allt sveitarfélag; í Bárðardal, á Laugum, í Aðaldal og í Fnjóskadal.

Hvernig er hægt að efla Þingeyjarsveit enn frekar sem skíðagönguparadís?

Með því að láta vita af nýjum sporum!



Við hvetjum ykkur til að láta nágranna og sveitunga vita af sporum svo sem flestir geti notið þeirra. Til dæmis á Facebook síðunni *Íbúar Þingeyjarsveitar* og á „hverfissíðum“ sveitarfélagsins á Facebook. Hvað er betra en skíðaganga og kakóbolli í góðum félagsskap?

Það þarf ekki alltaf spor! Heyrst hefur að hvergi sé betri aðstaða fyrir utanbrautarskíðamennsku en í Þingeyjarsveit. Þar koma heiðarnar okkar sterkar inn, þessar löngu og dásamlega flötu heiðar.

Mývetningur rekur skíðalyftu við Kröflu í Mývatnssveit. Þar eru skipulagðar æfingar og skíðasvæðið opið á þeim tíma og eftir veðri. Hægt er að fylgjast með opnunartímum lyftunnar á Facebook svæði skíðasvæðisins (Skíðasvæði Mývetnings í Kröflu). Það eru engin lyftugjöld en tekið við frjálsum framlögum sem fara í viðhald. Öll starfsemin er unnin í sjálfboðastarfi. Hægt er að leigja skíðasvæðið fyrir einstaklinga eða hópa (myvetningur@gmail.com).

Það eru forréttindi að hafa þessi tækifæri til útvistar, nýtum þau vel og hömpum skíðaparadísinni okkar!



Þingeyjarsveit



**GAKKTU Í FACEBOOK HÓPINN HEILSUEFLANDI ÞINGEYJARSVEIT
OG FÁÐU UPPLÝSINGAR UM HEILSUTENGDA VIÐBURÐI Í
SVEITARFÉLAGINU OG HEILSUEFLINGU ALMENNT.**

NJÓTTU ÞESS AÐ HREYFA ÞIG...



ÍMS - ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN Í REYKJAHLÍÐ

Mán.-fimt. 10:00-21:00

Laugard. 10:00-16:00

Föstud. og sunnud. LOKAÐ




SUNDLAUGIN LAUGUM

Mán.-fimt. 07:30-9:30 og 16:00-21:30

Föstud. 07:30-9:30 og 15:00-19:00

Laugard. 12:00-16:00

Sunnud. LOKAÐ



SUNDLAUGIN STÓRUTJARNASKÓLA

Mánudaga 18:30-20:30

Fimmtudaga 19:30-21:30



BÓKASAFN REYKDÆLA

Þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-19:00

Staðsetning: Í húsnæði Leikskólans Krílabæjar, gengið inn að vestanverðu.

BÓKASAFNIÐ Í STÓRUTJARNASKÓLA

Þriðjudaga 14:30-16:30

Fimmtudaga 19:30-21:30

Staðsetning: Gengið inn um aðal inngang og upp á aðra hæð.

BÓKASAFN AÐALDÆLA VIÐ ÝDALI

Miðvikudaga 13:00-15:00

Staðsetning: Þingeyjarskóli

BÓKASAFN MÝVATNSSVEITAR

Mánudaga 15:00-19:00

Staðsetning: Í Skjólbrekku, gengið inn að sunnanverðu.

...OG LESA

**ATHUGIÐ, ÞETTA ER
VETRAROPNUNARTÍMI!**

ÞÚ FINNUR ÞAU Á
FACEBOOK



DID YOU KNOW THAT ABOUT 18% OF THE POPULATION OF ÞINGEYJARSVEIT IS OF FOREIGN ORIGIN?

VISSIR ÞÚ AÐ TÆPLEGA 18% AF ÍBÚAFJÖLDA ÞINGEYJARSVEITAR ERU AF ERLENDUM UPPRUNA?

Multi-cultural representative of Þingeyjarsveit



Myrra Leifsdóttir, project manager for youth, leisure, and cultural affairs, serves as a **Multicultural representative** in Þingeyjarsveit. The multi-cultural representative's role is to support residents of foreign origin in the community, including providing information to new residents through the Þingeyjarsveit website and other media, managing promotional materials, and facilitating networking. The multi-cultural representative also encourages cooperation among stakeholders involved in issues affecting residents of foreign origin and supports a diverse and multicultural community in the municipality.

You can contact Myrra if you have questions or thoughts regarding schools, sports, leisure activities, permits, registrations, municipal social services or any other questions regarding municipal services.

Phone hours are Mondays from 10:00 to 14:00 at 512 1814. You can also schedule a meeting via email at myrra@thingeyjarsveit.is

Fjölmenningarfulltrúi Þingeyjarsveitar



Myrra Leifsdóttir, verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála, gegnir hlutverki **fjölmenningarfulltrúa** í Þingeyjarsveit.

Fjölmenningarfulltrúi hefur það hlutverk að styðja við íbúa af erlendum uppruna í sveitarfélaginu, meðal annars með því að annast upplýsingagjöf í gegnum heimasíðu Þingeyjarsveitar og aðra miðla, sjá um kynningarefni og auðvelda tengslamyndun. Þá hvetur fjölmenningarfulltrúi til samstarfs á milli þeirra aðila sem koma að málefnum íbúa af erlendum uppruna og styður við fjölbreytt og fjölmenningarlegt samfélag í sveitarfélaginu.

Hafa má samband við Myrru ef þú ert með spurningar eða hugleiðingar varðandi skóla, íþróttir, tómstundir, leyfi, skráningar, félagsþjónustu á vegum sveitarfélagsins og aðra þjónustu.

Símatími er á mánudögum 10:00 – 14:00 í síma 512 1814. Einnig er hægt að bóka fund í tölvupósti myrra@thingeyjarsveit.is

Íþróttá-, tómstunda- og menningarnefnd Þingeyjarsveitar auglýsir eftir umsóknum um styrki vegna íþróttá- og æskulýðsstarfs á árinu 2024. Bæði einstaklingar og félagasamtök geta sótt um styrki.

Umsóknir og fylgiskjöl skulu berast í síðasta lagi 5. mars. Nánari upplýsingar á heimasíðu Þingeyjarsveitar



HVER ER MYRRA LEIFSDÓTTIR?

Myrra er verkefnastjóri æskulýðs-, tómstunda- og menningarmála Þingeyjarsveitar.

Myrra er fædd og uppalin í Svíþjóð en búsett á Íslandi sl. 18 ár. Hún er fjögurra barna móðir og gift Ásgrími yngri frá Hafnalæk þar sem þau búa með tvö yngstu börnin. Hún er bæði með meistaragráðu í myndlist og í umhverfis- og auðlindafræði ásamt CCT kennararéttindum.

„Týpískur vinnudagur byrjar um þessar mundir á að lesa mér til um stefnur og strauma í æskulýðs- og lýðheilsumálum. Ég er að vinna við stefnumótun á þessum sviðum. Svo er ég mikið að funda og kynnast fólki á svæðinu, undirbúa nefndarfundi, aðstoða við að skipuleggja íþróttamót, finna leiðir til að auka framboð af hreyfingu fyrir eldri borgara og annað skemmtilegt. Á þriðjudögum fer ég svo upp í Mývatnssveit og hitti unglíngana „mína“ í félagsmiðstöðinni sem ég held úti þar, vinnan mín er afskaplega fjölbreytt og gefandi“ segir Myrra.

Er eitthvað sem þú ert sérstaklega ánægð með við Þingeyjarsveit?

„Ég er sérstaklega ánægð með hvað sveitarfélagið er ríkt af mannauði og hve mikil virkni, sköpunargleði og samheldni ríkir. Það sem má leggja aukinn kraft í um þessar mundir er að móta stefnu fyrir æskulýðsstarf í Þingeyjarsveit og svo held ég að við gætum fundið leiðir til að virkja útivistarsvæði víðar í sveitarfélaginu.“



Myrra ásamt fjölskyldu sinni.

Ef þú mættir velja eitt lag sem fer í gang í hvert sinn sem þú kemur í vinnuna, hvaða lag væri það og hvers vegna?

„Pata pata með Miriam Makeba! Rífur upp alla stemningu, alltaf.“

HVER ER MAGNÚS MÁR ÞORVALDSSON?

Magnús er forstöðumaður Íþróttamiðstöðvarinnar á Laugum



Magnús Már

Magnús er fæddur á brekkunni á Akureyri og er KA-maður frá blautu barns beini. Eftir Menntaskólann í Hamrahlíð fór hann utan og stundaði meðal annars nám í arkitektúr við Lunds Tekniska Högskola í Svíþjóð. Hann starfaði um tíma við arkitektúr á Akureyri auk þess var hann alltaf með nóg af auka verkefnum. Hann stýrði meðal annars sex Halló Akureyri hátíðum. Fjölskyldan bjó á Þórshöfn, svo á Vopnafirði í 17 ár þar til þau hjónin fluttu í Þingeyjarsveit um mitt ár 2019. Börnin eru sex og barnabörnin orðin níu.

„Hér sem annars staðar þar sem ég hef verið í vinnu mætti ég snemma, mætti á kontórinum á Vopnafirði á ókristilegum tíma og hef haldið því áfram. Dagarnir eru alls konar þótt vinna í Íþróttamiðstöð sé rútínuvinna við þrif, vöktun og umfram allt mannleg samskipti. Sem forstöðumaður er í mörg horn að líta en sama hversu löng tíðin verður sem ég stend vakt mína í þágu Íþróttamiðstöðvarinnar er hvergi hnikað frá þeim gildum sem við höldum í heiðri við upplýsingagjöf, þjónustulipurð og þrif. Umhverfisþátturinn verður aldrei ofmetinn.“ segir Magnús

Hvað kanntu mest að meta við vinnuna þína?

„Sú fullvissa að við séum að standa okkur, þ.e.a.s. að umsagnir gesta hafa verið okkur hagsælar og almennt mætum við jákvæðu viðhorfi gesta.“

Hvaða þrjá hluti myndir þú taka með þér á eyðieyju?

„Ætli það myndi ekki mótast af þeim tíma sem dvalið yrði á eyðieyju! Til skemmri eða lengri tíma eiginkonuna, AB-mjólk/gríska jógúrt og líklega handlóð!“



VETRARRHÁTÍÐ VIÐ MÝVATN

1.-10. MARS 2024

Föstudagur 1. mars

16:30 - **Hópreið um Mývatn.** Allir velkomnir, ekkert þáttökugjald.

19:00-21:00 - **Föstudagsfjör** í Jarðböðunum, tónlist og enn meiri happy hour!

20:00 - **Leiksýningin í gegnum tíðina** eftir Hörð Þór Benónýsson sýnd í Breiðumýri.

21:30 - 23:30 - **Ágúst Þór trúba-**
dor spilar í Vogafjósi! Frítt inn.

Laugardagur 2. mars

9:30 - 11:00 - Opinn tími fyrir börn og fullorðna í klifri í

Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki í boði Mývetnings.

10:00 - 13:00 - Skíðasvæðið í Kröflu opið.

10:00 - 16:00 - **Mývatn Open** - Hestar á ís á Stakhólstjörn, Skútustöðum.

12:00 - **Mývatnssleðinn** á Álftabáru!

12:00 - 16:00 - **Handverks-, flóa- og bændamarkaður** á Gestastofu Gígs á Skútustöðum!

14:00-17:00 - Kaffihlaðborð á Sel-Hótel Mývatn.

16:00 - **Leiksýningin í gegnum tíðina** eftir Hörð Þór Benónýsson sýnd í Breiðumýri.

19:45 - **Söngvakeppnin 2024** verður sýnd á skjánum í Gamla Bænum.

Sunnudagur 3. mars

10:30 - 12:00 - Opinn tími í blak fullorðinna í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki í boði Mývetnings.

12:00 - 14:00 - Frítt

skídagöngunámskeið á Skútustöðum. Fullbókað!

13:00 - 15:00 - **Fjölskyldudagur í Vaglaskógi.** Opið skídagönguspor. Ungmennafélagið Bjarni stendur fyrir dagskrá fyrir alla fjölskylduna. Skógarstígur/ratleikur, leikir á gönguskíðum fyrir alla aldurshópa, Snjókarlakeppni. Kaffi og kökusala!

Mánudagur 4. mars

16:30 - 19:00 - Skíðasvæðið í Kröflu opið.

18:00 - 20:00 - Kvenfélag Fnjóskdæla heldur **kjötúþukvöld í Skógum.**

18:30 - 20:30 - **Partý** í sundlauginni í Stórutjarnaskóla.

20:00 - 21:30 - Opinn badminton tími í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki.

Þriðjudagur 5. mars

18:00 - 20:00 - **Pizza hlaðborð** í Dalakofanum.

20:00 - **Spilum félagsvist** í Dalakofanum undir stjórn Halla Bó.

Vinningar fyrir stigahæstu keppendurna. Ekkert þáttökugjald.

Miðvikudagur 6. mars

13:00 - 14:00 - Opinn tími í boccia í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki.

Safnadagur. Skoðaðu söfnin í sveitarfélaginu!

14:00 - 16:00 - Opið í **Fuglasafni Sigurgeirs** í Ytri-Neslöndum.

16:00 - 18:00 - **Grenjadarstaður** bíður gestum og gangandi í heimsókn!

16:00 - 18:00 - **Persónulega safnið** í gamla fjósinu við Einarssaði bíður gestum og gangandi í heimsókn!

16:30 - 19:00 - Skíðasvæðið í Kröflu opið.

18:00 - 20:00 - **Taco hlaðborð** á Sel-Hótel Mývatn.

Fimmtudagur 7. mars

16:00 - 18:00 - **Listasýningin „Náttúra Þingeyjarsveitar“** opnuð og erindi frá Auði Adalsteinsdóttur frá rannsóknarsetri HÍ á Gestastofu Gígs, Skútustöðum.

16:00 - 18:00 - Persónulega safnið í gamla fjósinu við Einarssaði opið gestum og gangandi!

16:30 - 18:00 - Skíðasvæðið í Kröflu opið.

20:00 - **Barsvar** í Jarðböðunum við Mývatn!

20:00 - **Leiksýningin í gegnum tíðina** eftir Hörð Þór Benónýsson sýnd í Breiðumýri.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

Föstudagur 8. mars

11:00-15:00 - **Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands** við Fuglasafn Sigurgeirs, Neslöndum.

19:00 - 21:00 - **Föstudagsfjör** í Jarðböðunum við Mývatn - tónlist og enn meiri happy hour!

20:00 - **Tónleikar með Birki Blæ** í Þorgeirskirkju. Frítt inn!

Laugardagur 9. mars

9:30 - 11:00 - Opinn tími fyrir börn og fullorðna í klifri í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki í boði Mývetnings.

10:00 - 16:00 - **Íslandsmeistaramót í Snjókrossi í Kröflu.** Mývetningur verður með veitingasölu!

10:00 - 15:00 - **Íslandsmeistaramót Sleðahundaklúbbs Íslands** við Fuglasafn Sigurgeirs, Neslöndum.

15:00 - 17:00 - **Lærðu að dorga** með veidifélagi Mývatns. Gengið út á ísinn til móts við Berjaya Hotel Mývatn.

21:00 - 22:00 - **Uppistand í Gamla Bænum með Arnóri Daða!** Ekki missa af þessu. Frítt inn!

Sunnudagur 10. mars

10:30 - 12:00 - Opinn tími í blak fullorðinna í Íþróttamiðstöðinni í Reykjavíki í boði Mývetnings.

12:00 - 14:00 - **Fjölskyldudagskrá í Reykjavíki** með foreldrafélagi Reykjavíkiarskóla.

12:00 - 14:00 - **Snjósledaferð** með Geo Travel fyrir alla fjölskylduna. Allir snjósledar velkomnir, nýjir og gamlir!

Mikilvægt að skrá þátttöku hjá info@geotravel.is.

15:00 - 16:30 - **Yoga Nidra** tími með Rósu Matt í Jarðböðunum við Mývatn. Frítt inn, takmarkað pláss!

20:00 - **Leiksýningin í gegnum tíðina** eftir Hörð Þór Benónýsson sýnd í Breiðumýri.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

20:00 - **Syngjum saman** úr gulu og bláu bókinni í Reykjavíkiarkirkju með kirkjukórum Mývatnssveitar.

Nánari upplýsingar um viðburði, tilboð, staðsetningar og skídagönguspor er að finna inni á WWW.VETRARRHATID.COM





MÝVATN WINTER FESTIVAL

1.-10. MARCH 2024

Friday, March 1st

16:30 - **Group horse ride** on Lake Mývatn. Everyone welcome, no entry fee. The group ride leaves from Sel-Hótel Mývatn.

18:00-20:00 - **Friday Fun** at the Mývatn Nature Baths, music and happy hour!

20:00 - The play **Í gegnum tíðina** at Breiðumýri.

21:30 - 23:30 - **Ágúst Þór troubadour** plays at Vogafjós. No entry fee!

Saturday, March 2nd

9:30 - 11:00 - **Family climbing time.** Bring comfortable shoes & try the climbing wall at Reykjahlíð Sports Center.

10:00 - 13:00 - The ski area in Krafla is open.

10:00 - 16:00 - **Mývatn Open - Horses on Ice** at Stakhólstjörn, Skútustaðir.

12:00 - **The Mývatn Sledge!** Register to participate on your home made sledge at gardarf1@gmail.com

12:00 - 16:00 - **Flea, Handicraft and Farmers Market** at Gígur Visitor Center.

14:00-17:00 - **Cake buffet** at Sel-Hótel Mývatn

16:00 - The play **Í gegnum tíðina** at Breiðumýri.

19:30 - **Söngvakeppnin 2024**

(Icelandic Eurovision Preliminaries)
Live on TV at Gamli Bærinn Bistro.

Sunday, March 3rd

10:30 - 12:00 - Open volleyball class for adults at Reykjahlíð Sports Center.

12:00 - 14:00 - Free **cross country skiing class** by Skútustaðir, Mývatn. Fully booked!

13:00 - 15:00 - **Forest fun in Vaglaskógur.** Bring your cross country skis, participate in games for all ages.

Monday, March 4th

16:30 - 19:00 - The ski area in Krafla is open.

18:00 - 20:00 - Kvenfélag Fnjóskdæla hosts a **meatsoup evening** at Skógar, Fnjóskadal.

18:30 - 20:30 - A **Pool Party** at Stórutjarnir Swimming Pool!

20:00 - 21:30 - Open **Badminton class** at Reykjahlíð Sports Center.

Tuesday, March 5th

18:00 - 20:00 - **Pizza buffet** at Dalakofinn Restaurant.

20:00 - **Félagsvist** at Dalakofinn Restaurant with Halli Bó. No entry fee. Highest score wins a prize!

Wednesday, March 6th

13:00 - 14:00 - Open boccia class at Reykjahlíð Sports Center.

Museum Day. Visit these museums:

14:00 - 16:00 - The **Sigurgeir's Bird Museum** at Ytri-Neslönd is open.

16:00 - 18:00 - Open house at **Grenjadarstaður Museum** this day only!

16:00 - 18:00 - **Persónulega safnid Museum** at Einarstaðir is open.

Location: 65°44'29.54N 17°24'39W
16:30 - 19:00 - The Ski area in Krafla is open.

18:00 - 20:00 - **Taco buffet** at Sel-Hótel Mývatn.

Thursday, March 7th

16:00 - 18:00 - The **Art Exhibition "The Nature of Mývatn"** opens at Gígur Visitor Center .

16:00 - 18:00 - **Persónulega safnid Museum** at Einarstaðir is open.

Location: 65°44'29.54N 17°24'39W
16:30 - 19:00 - The Ski area in Krafla is open.

20:00 - 21:00 - **Pub Quiz** at Mývatn Nature Baths

20:00 - The play **Í gegnum tíðina** at Breiðumýri.

20:00 - **Join the choirs of Mývatnssveit** in Reykjahlíðarkirkja church for a singing session!

Friday, March 8th

11:00 - 15:00 - Icelandic **Dog Sledding Competition** by Sigurgeir's Bird Museum.

18:00 - 20:00 - **Friday fun** at the Mývatn Nature Baths, music & happy hour!

20:00 - 21:00 - **Free concert with Birkir Blær** at Þorgeirskirkja Church.

Saturday, March 9th

9:30 - 11:00 - **Family climbing time.** Bring comfortable shoes & try the climbing wall at Reykjahlíð Sports Center.

10:00 - 16:00 - Icelandic **Snocross Championship** at Krafla.

10:00 - 15:00 - Icelandic **Dog Sledding Competition** by Sigurgeir's Bird Museum.

15:00 - 17:00 - **Learn to ice fish** with Mývatn fishing club. Walk out on frozen Lake Mývatn across from Berjaya Mývatn Hotel.

21:00 - 22:00 - The **Comedian Arnór Daði** will perform his stand up comedy program at Gamli Bærinn. No entry fee!

Sunday, March 10th

10:30 - 12:00 - **Open volleyball class for adults** at Reykjahlíð Sports Center

12:00 - 14:00 - An open **snowmobile trip with Geo Travel.** Bring your own snowmobile or rent one from them for 30.000isk. Limited spaces, so it is important to register at info@geotravel.is.

12:00 - 14:00 - **Family fun day** in Reykjahlíð.

15:00 - 16:30 - Free **Yoga Nidra class** with Rósa Matt at Mývatn Nature Baths. Limited spaced. Bring your mattress & blanket.

20:00 - The play **Í gegnum tíðina** at Breiðumýri.

FOR MORE DETAILED INFO VISIT WWW.EN.VETRARHATID.COM



LOF MÁNAÐARINS

ÁTTU HRÓS?

Öll þekkjum við einhvern sem á skilið gott hrós, komdu þínu hrósi á framfæri á thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is

★ Feiminn íbúi vildi fá að senda starfsmönnum áhaldahússins kærar þakkir fyrir að hafa undanfarið margoft stokkið til og reddað bilunum í veitukerfum sveitarfélagsins.

★ „Hrósið fá þau sem starfa við leikskólann YI í Mývatnssveit. Starfsfólk leikskólans hefur ótrúlegt hugmyndaflug þegar kemur að verkefnum og tilraunum fyrir börnin. Verkefni sem geta ýtt undir góða eiginleika í fari barna og meðal annars eftt þau og stuðlað að listsköpun, uppátækjasemi, ímyndunarafli og fróðleiksfýsni. Mér finnst þau leggja gríðarlegan metnað í starf sitt og það er mikilvægt að hrósa fólki fyrir vel unnin störf“ segir Anna Dagbjört Andrésdóttir.

★ Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir hrósar björgunarsveitarmönnum, bæði fyrir 112 daginn og öll þeirra störf almennt.

FYLGDU
ÞINGEYJARSVEIT Á
INSTAGRAM OG
FACEBOOK



Skráðu þig á póstlistann

Skráðu netfangið þitt á póstlista Þingeyjarsveitar og fáðu sendar fréttir og tilkynningar í tölvupósti.

SKRÁ MIG

**Skráðu þig á póstlista
sveitarfélagsins á thingeyjarsveit.is
og fáðu allar fréttir sendar beint til
þín!**

Fréttabréf Þingeyjarsveitar 1. árg. 2. tbl.

Ritstj. og ábyrgðamaður: Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir sveitarstjóri

Umsjón: Mývatnssstofa - Úlla Árdal

Þingeyjarsveit, Kjarna á Laugum

Sími: 512 1800

Netfang: thingeyjarsveit@thingeyjarsveit.is